134 tökudegi að telja af tekjum prestakallsins að því leyti sem tekjur kirkjunnar
6. oktbr. eigi hrökkva til greiðslu afborgana og venjulegra vaxta, og 400 kr. lán handa Rafnseyrarkirkju alveg með sömu kjörum, en 400 kr. lánið, sem tekið var f. á. samkvæmt áðurnefndu brjefi mínu, afborgist á 10 árinu, eins og áskilið var.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

135 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi,* **um lán handa Stykk-**
11. oktbr. **ishólmskirkju.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., vil jeg hjermeð veita sóknarnefndinni í Stykkishólmssókn 1500 króna lán úr landssjóði handa Stykkishólmskirkju gegn veði í tekjum kirkjunnar, og með þeim skilyrðum, *að* lán þetta ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6% árlega af hinni upphaflegu upphæð og *að* af láni þessu greiðist fyrst að fullu eptirstöðvar af tveimur landssjóðslánum handa kirkjunni frá 1878 og 1879.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

136 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu,*
11. oktbr. **um skilning 3. gr. laga nr. 9 frá 6. apríl 1898.** Hreppstjórinn í Kjósarhreppi hefir í brjefi, dagsettu 13. f. m., sem hingað hefir borizt beina leið, beiðzt skýringar á 3. gr. laga nr. 9 frá 6. apríl þ. á., um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878: »Við tíundarílagning skal lausafjárupphæð hvers framteljanda standa á heilu eða hálfu hundraði; 60 áln. og þar yfir allt að 119 áln., sje gert ½ hundrað, en færri álnum sje sleppt«. Hefir nefndur hreppstjóri í þessu efni spurzt fyrir um það, hvort sleppa skuli því, sem fram yfir heilt eða hálft hundrað er, þá er fjenaður er lagður í tíund, *áður en* eða *eptir að* 1/7 hluti fjenaðarins er dreginn frá.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjendanum, að draga ber að sjálfsögðu frá 1/7 hluta fjenaðarins *áður en* lagt er í tíund og þá áður en sleppt er því, er framyfir er hálft hundrað eða heilt.

137 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu,*
21. oktbr. **um hlunnindi handa sparisjóði Vestmannaeyja.** Útaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Vestmannaeyja, vil jeg hjer með endurveita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, *að*